

80. fundur

Skólaráðsfundur miðvikudagur 3. júlí 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Helga Dögg fulltrúar foreldra, Elsa og Guðrún fulltrúar kennara, Guðný fulltrúi starfsmanna, Fannar fulltrúi grenndarsamfélags, Kristinn frá KJG ráðgjöf á vegum USK, Kristján, Agnar og Friðleifur frá USK. Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskóladeildar hjá SFS, Aðalbjörg og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni.

Efni fundar:

- Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu. Fulltrúar frá USK kynna stöðuna.
- Önnur mál.

Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu

Kristinn frá KJG og fulltrúar frá USK fóru yfir framvindu framkvæmda í skólahúsnæðinu. Vísað var í greinargerð sem tekin var saman fyrir skólaráðsfundinn. Greinargerðin fylgir þessari fundargerð og er að finna á heimsíðu skólans. Hægt er að fylgjast með gangi framkvæmda við skólann í Framkvæmdasjá á vef borgarinnar, <https://reykjavik.is/framkvæmdasjain/fossvogsskoli-endurbaetur>. Helstu upplýsingar um verklok eru þessi:

- Verklok innahúss í Meginlandi og Austurlandi eru áætluð 15. ágúst.
- Verklok í Vesturlandi eru áætluð í nóvember.
- Verklok vegna síkkunar glugga í matsal og veggja á lóð vegna framkvæmda sunnan við Meginland eru áætluð um mánaðamót október/nóvember.
- Verklok lóðarfrágangs austan við skólann eru áætluð í byrjun nóvember.

Byrjað er að rýma skólann og hreinsa búnað sem geymdur verður í gámunum á skólalóðinn.

Önnur mál

Fjallað var um hvernig koma eigi nemendum í 1. -3. bekk fyrir þar sem Vesturland verður ekki tilbúið til notkunar í haust þegar skólastarf hefst. Stjórnendur eru að leggja grunn að skipulagi þar sem stefnt er að því að koma öllum nemendum fyrir í skólahúsnæðinu.

Staða skólastjóra Fossvogsskóla verður auglýst um miðjan ágúst. Soffía greindi frá því að sumartíminn væri óheppilegur til að auglýsa og af fenginni reynslu hjá SFS væri heillavænna að auglýsa í ágúst. Á næsta skólaráðsfundi 7. ágúst verður farið yfir fyrirhugaða auglýsingu með skólaráði. Staðan auglýst um miðjan ágúst og ætti ráðning að liggja fyrir fljótlega í byrjun september.

Fyrirhugað er að hafa upplýsingafund um miðjan ágúst um stöðu mála á húsnæðinu og byrjun skólastarfs. Þetta kom fram á fundi í Bústaðakirkju með foreldrum 5. júní sl. og í pósti til foreldra í kjölfar fundarins.

Rætt var um álagsgreiðslur til starfsfólks.

Greint var frá því að mikil vinna við skólaþróunarmál vegna skólaársins 2019-2020 fór fram á starfsdögum í vor.

Fundi slitið upp úr kl. 10:00